

6.4.10. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Sveigðar tröppur, hringstigur og útitröppur

Í grein 6.4.10 í byggingarreglugerð segir:


„Í sveigðum tröppum og hringstigum er ganglína skilgreind 450 mm frá innra handriði. Þar skal framstig aldrei vera undir 150 mm.

Framstig útitrappa skal eigi vera minna en 280 mm og uppstig skal vera á bilinu 120 - 160 mm. Halli á tröppum fyrir almenna umferð utanhúss skal almennt vera á bilinu 17° til 30°.


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1. mgr. 6.4.10 gr.: Snúnir stigar eru sveigðar tröppur og hringstigur. Í snúnum stigum innanhúss er mælt með að innskot séu þannig að framstig að viðbættu innskoti sé 300 mm. Tröppuformúla fyrir innahússtiga er 2 uppstig + 1 framstig = 620 mm +/- 20 mm.




Mynd 1. Dæmi um sveigða tröppu innan íbúðar




Mynd 2. Dæmi um hringstiga innanhúss

- 2 Í 2. mgr. 6.4.10 gr. segir: „Framstig útitrappa skal eigi vera minna en 280 mm og uppstig skal vera á bilinu 120 - 160 mm. Halli á tröppum fyrir almenna umferð utanhúss skal almennt vera á bilinu 17° til 30°.“



Mynd 3. Tröppuformúla fyrir útitröppur.

Fyrir fólk sem er með hreyfihömlun, svo sem lömum á annarri hlið og fólk með gervifætur er öruggara að ganga um tröppur og stiga utanhúss sem eru með lokuð þrep (án inn-skots).



Mynd 4. Dæmi um útitröppur með lokuðum þrepum.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	22.6.2012
2.0	Tilvísanir færðar inn	31.5.2013
2.1	Letur stækkað og úrehtar tilvísanir fjarlægðar	18.6.2018
2.2	Tilvísanir fjarlægðar	15.5.2019
2.3	Tilvísanir fjarlægðar	30.9.2019
2.4	MVS breytt í HMS	5.2.2020
2.5	Yfirlit yfir breytingar og texta breytt lítilsháttar	22.12.2020